

# Háskóli Íslands

## Ársreikningur 2015

Háskóli Íslands  
Sæmundargötu 2  
Reykjavík  
kt. 600169-2039

## Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda.....	3
Áritun endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9

## Staðfesting stjórnenda

Hlutverk Háskóla Íslands er samkvæmt lögum (nr. 85/2008) að sinna kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Menntun, sem Háskóli Íslands veitir, tekur mið af þörfum samfélagsins og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Háskólanum er heimilt að veita endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans.

Skráðir nemendur við Háskóla Íslands voru 12.921 á árinu 2015 samanborið við 13.052 árið áður. Heildarfjöldi ársverka var 1.390,2. Starfsmenn á mánaðarlaunum skiluðu 1.163,1 ársverkum og 227,1 ársverk voru unnin af stundakennurum og öðrum starfsmönnum á tímalaunum. Launagjöld námu 12.494,8 m.kr. að meðtöldum launatengdum gjöldum.

Rekstrarreikningur sýnir tekjuhalla fyrir fjármagnsliði að fjárhæð 2,5 m.kr., en að teknu tilliti til fjármagnsliða nemur halli á rekstri Háskólans 129,8 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir samtals að fjárhæð 3.317,6 m.kr. Skuldir samtals nema 2.327,2 m.kr. Eigið fé í árslok er jákvætt um 990,4 m.kr., og þar af eru 269,8 m.kr. bundnar í hlutafjáreign.


Rektor og fjármálastjóri staðfesta hér með ársreikning Háskóla Íslands fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík,

júní 2016



Jón Atli Benediksson  
rektor.



Jenný Bára Jensdóttir  
fjármálastjóri.

## Áritun endurskoðenda

Til Háskóla Íslands og háskólaráðs

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Háskóla Íslands fyrir árið 2015. Hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins, í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn og er byggð á könnuninni.

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun endurskoðenda á ársreikningum. Könnun ársreikningsins felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnunin felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðnarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að ársreikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu Háskóla Íslands á árinu 2015, fjárhagsstöðu í árslok og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Reykjavík, 30. júní 2016



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.



Óskar Sverrisson,  
endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag Hapdrættis H.Í. ....	1	730.000	765.000
Skrásetningargjöld .....	2	932.072	941.685
Endurmenntun, símenntun .....	3	619.064	478.813
Styrkir .....	4	2.090.004	1.612.424
Aðrar tekjur .....	5	1.218.686	1.111.981
Rekstrartekjur samtals		<u>5.589.826</u>	<u>4.909.904</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Sameiginleg stjórnsýsla.....	6	1.426.537	1.274.268
Fræðasvið.....	7	11.724.003	10.525.669
Rannsóknastofnanir utan deilda.....	8	220.052	192.763
Þjónustustofnanir.....	9	1.104.912	985.224
Sameiginlegur kostnaður fræðasviða.....	10	1.143.115	1.054.132
		<u>15.618.619</u>	<u>14.032.056</u>
Viðhald og rekstur fasteigna.....	11	1.334.026	1.442.727
Byggingar og tækjakaup.....	12	813.810	453.318
		<u>2.147.836</u>	<u>1.896.045</u>
Rekstrargjöld samtals		<u>17.766.455</u>	<u>15.928.102</u>
Tekjuhalli fyrir fjármagnskostnað og ríkisframlag		( 12.176.630 )	( 11.018.198 )
Ríkisframlag.....		<u>12.174.170</u>	<u>11.146.700</u>
(Tekjuhalli) -afgangur fyrir fjármagnsliði		( 2.460 )	128.502
Fjármagnsgjöld.....	13	<u>( 127.355 )</u>	<u>( 75.821 )</u>
(Tekjuhalli) -afgangur ársins		<u>( 129.815 )</u>	<u>52.681</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhættufjármunir, eignarhlutir í félögum.....	15	269.759	269.759
Fastafjármunir samtals		<u>269.759</u>	<u>269.759</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Skammtíma kröfur aðrar.....	14	379.913	325.241
Vörslufé.....	17	2.020.775	1.696.473
Ríkissjóður.....	18	0	20.621
Bankainnstæður í erlendri mynt.....		151.032	234.039
Sjóðir og innlendar bankainnstæður.....		496.073	685.143
Veltufjármunir samtals		<u>3.047.793</u>	<u>2.961.518</u>
		<u>3.317.552</u>	<u>3.231.276</u>
<b>Eignir alls</b>			

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		1.015.031	962.350
(Tekjuhalli )-afgangur.....		( 129.815 )	52.681
	19	<u>885.217</u>	<u>1.015.031</u>
Annað bundið eigið fé .....		<u>105.147</u>	<u>105.147</u>
		<u>990.364</u>	<u>1.120.178</u>
<b>Eigið fé samtals</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalán.....	16	<u>9.757</u>	<u>18.608</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ríkissjóður.....	18	10.286	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	16	9.222	8.546
Verkefnaskuldbindingar.....	17	2.020.775	1.696.473
Aðrar skammtímaskuldir.....		<u>277.149</u>	<u>387.471</u>
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>2.317.431</u>	<u>2.092.490</u>
		<u>2.327.188</u>	<u>2.111.098</u>
<b>Skuldir</b>		<u>3.317.552</u>	<u>3.231.276</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		<u><u>3.317.552</u></u>	<u><u>3.231.276</u></u>

## Sjóðstreymi árið 2015

	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>		
<i>Veltufé til rekstrar:</i>		
(Tekjuhalli) -afgangur samkvæmt rekstrarreikningi .....	( 129.815 )	52.681
Reiknaðar verðbætur langtímalána .....	( 4.999 )	( 4.096 )
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<u>( 134.814 )</u>	<u>48.585</u>
 <i>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>		
Skammtímakröfur, lækkun .....	( 378.974 )	( 268.738 )
Víðskiptaskuldir, hækkun.....	214.655	46.616
	<u>( 164.319 )</u>	<u>( 222.122 )</u>
 <b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>( 299.133 )</u>	<u>( 173.537 )</u>
 <b>Fjárfestingahreyfingar:</b>		
Hlutafjárframlög.....	0	119
<b>Fjárfestingahreyfingar alls</b>	<u>0</u>	<u>119</u>
 <b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>		
Afborganir langtímalána.....	( 3.852 )	( 3.237 )
Framlag ríkissjóðs.....	( 12.174.170 )	( 11.146.700 )
Endurgreitt ríkissjóði.....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	12.205.077	11.174.196
<b>Fjármögnunarhreyfingar alls</b>	<u>27.055</u>	<u>24.259</u>
 Hækkun á handbæru fé.....	( 272.078 )	( 149.159 )
 Handbært fé í ársbyrjun.....	919.183	1.068.342
Handbært fé í árslok	<u>647.105</u>	<u>919.183</u>



## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Háskóla Íslands er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Verðtrygging

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölu sem tók gildi 1. janúar 2016.

### Skattar

Háskóli Íslands greiðir ekki tekjuskatta.

### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út. Innborgaðir verkefnastyrkir eru færðir til tekna eftir framvindu verkefna, sbr. skýringu 17.

### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð miðað við dagsetningu reiknings. Í lok ársins standa eftir á viðskiptareikningi innan skammtímaskulda áfallin gjöld, en ógreidd, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

### Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á nafnverði.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir starfsemi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftasjóður til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast peningar í sjóði og óbundnar innstæður á bankareikningum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

### Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Háskóla Íslands eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Orlof

Áfallið orlof er ekki fært upp hjá A-hluta stofnunum.

## Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög ársins 2015 gerðu ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð 11.551,2 m.kr. til Háskóla Íslands. Af öðrum fjárlagaliðum voru veittar 623 m.kr. sem skiptast þannig: Launbætur 621,4 og tryggingabætur 1,6 m.kr. Heildarfjárveitingar námu alls. 12.174,2 m.kr.

Heildarútgjöld samkvæmt fjárheimild námu 17.871 m.kr. sem skiptast þannig að til almennra gjalda voru áætlaðar 17.121 m.kr., vegna byggingarframkvæmda 714,5 m.kr. og til viðhalds fasteigna 35,5 m.kr. Áætlaðar heildartekjur námu 5.696,8 m.kr. sem skiptast þannig að framlag Happpdrættis H.Í. nam 730,0 m.kr., tekjur af innritunargjöldum 944,2 m.kr. og sértekjur skólans voru áætlaðar 4.022,6 m.kr.

Gjöld og tekjur voru í nokkuð góðu samræmi við fjárheimildir á árinu 2015.

Fjárhæðir í þús. kr.	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
<b>Gjöld</b>			
Launagjöld.....	12.037.000	12.494.796	( 457.796)
Önnur rekstrargjöld.....	4.838.270	5.009.288	( 171.018)
Eignakaup.....	995.700	438.310	557.390
	<u>17.870.970</u>	<u>17.942.394</u>	<u>( 71.424)</u>
<b>Tekjur</b>			
Rekstrartekjur.....	( 1.674.200)	( 1.662.072)	( 12.128)
Sértekjur.....	( 4.022.600)	( 3.976.337)	( 46.263)
	<u>( 5.696.800)</u>	<u>( 5.638.410)</u>	<u>( 58.390)</u>
Samtals	<u>12.174.170</u>	<u>12.303.985</u>	<u>( 129.815)</u>

## Afkoma sviða og samanburður við fjárheimild 2015

Fjárveitingum til Háskólans er skipt á rekstrareiningar innan skólans. Eftirfarandi er sýnd afkoma fræðasviða skólans á árinu 2015 og samanburður við fjárheimildir þeirra innan Háskólans á árinu.

Heildarútgjöld sviða voru 12.247,3 m.kr. og sértekjur 3.113,5 m.kr. Gjöld umfram sértekjur námu 9.133,8 m.kr. en fjárveiting var 9.478,4 m.kr. Afgangur af rekstri sviða var því 344,6 m.kr. eða 2,8 % af heildargjöldum.

Í þús. kr.	Rekstrargj. og millif.	Sértekjur	Gjöld umfram tekjur	Fjárveiting	Frávik
Félagsvísindasvið.....	2.612.039	552.581	(2.059.458)	2.002.266	(57.191)
Heilbrigðisvísindasvið.....	3.077.191	1.037.739	(2.039.453)	2.185.717	146.265
Hugvísindasvið.....	1.726.337	506.190	(1.220.147)	1.357.527	137.380
Menntavísindasvið.....	1.870.308	171.873	(1.698.434)	1.728.716	30.282
Verkfræði- og náttúruv.svið.....	2.961.403	845.115	(2.116.288)	2.204.144	87.856
Samtals	<u>12.247.277</u>	<u>3.113.498</u>	<u>(9.133.780)</u>	<u>9.478.371</u>	<u>344.591</u>

## Starfsmannamál

Ársverk við kennslu, rannsóknir og aðra starfsemi voru samtals 1.390,2 á árinu 2015 samanborið við 1.343,5 ársverk 2014. Launagjöld hækka um 1.285,6 m.kr. eða 11,5% í heild. Hluti hækkunarinnar, 3,5%, er vegna fjölgunar ársverka og meirihlutinn, 8,0%, vegna hækkunar launa í kjölfar nýrra kjarasamninga.

	2015	2014
Dagvinna.....	8.316.644	7.325.171
Ræsting.....	9.220	8.355
Vaktaálag.....	38.958	30.089
Aukagreiðslur.....	833.070	909.240
Yfirvinna.....	1.005.502	885.955
Launatengd gjöld.....	2.275.807	2.039.273
Starfsmannakostnaður.....	15.594	11.093
Samtals	<u>12.494.796</u>	<u>11.209.176</u>

### 1. Framlag Happprættis H.Í.

Samkvæmt reglugerð um happprætti Háskóla Íslands skal verja ágóða af rekstri happprættisins til bygginga fyrir Háskólann. Það framlag nam 730,0 m.kr. á árinu 2015 og lækkaði um 35,0 m.kr. frá fyrra ári í samræmi við fjárlög.

### 2. Skrásetningargjöld

Tekjur vegna skrásetningargjalda námu 932,1 m.kr. og lækkuðu um 9,6 m.kr. frá fyrra ári eða um 1%. Skrásetningargjald fyrir hvern nemanda skólaárið 2015 - 2016 var 75.000 kr. og var það sama frá árinu áður og er hlutur Háskólans 70.775 kr. í heildargjaldinu. Á haustmisseri árið 2015 voru skráðir 12.921 nemendur samanborið við 13.052 nemanda haustið 2014 sem er 1% fækkun milli ára.

### 3. Endurmenntun, símenntun

Tekjur vegna námskeiða skiptast að mestu leyti milli tveggja stofnana, þ.e. Endurmenntunar Háskóla Íslands og Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands. Endurmenntun Háskóla Íslands starfar samkvæmt reglum um Endurmenntunarstofnun frá árinu 2001, en Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands er fræðslu- og rannsóknastofnun sem er starfrækt í umboði viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands. Tekjur Háskóla Íslands af endurmenntun námu 619,1 m.kr. og hækkuðu um 140,2 m.kr. frá árinu áður eða um 29,3%. Bein rekstrargjöld Endurmenntunar 355,1 m.kr. eru færð undir skýringu 9 þar sem greind eru rekstrargjöld þjónustustofnana Háskólans.

### 4. Styrkir

Innlendir styrkir til háskólans eru frá ýmsum aðilum en þar vega mest styrkir frá Rannsóknarmiðstöð Íslands og styrkir frá ráðuneytum og opinberum stofnunum. Styrkir frá Evrópusambandinu vega mest erlendra styrkja. Innlendir styrkir hækkuðu um 379,3 m.kr. eða um 31,1% milli ára og erlendir styrkir hækkuðu um 98,2 m.kr. eða um 25,0%. Í heild námu styrkir 2.090 m.kr. á árinu 2015. Styrkir samtals hækkuðu því um 477,6 m.kr. eða 29,6% milli ára. Til viðbótar jukust fyrirframgreiddar tekjur um 324,3 m.kr. milli ára, þar af helmingur vegna erlendra styrkja.

Erlendir styrkir.....	491.939	393.697
Innlendir styrkir.....	1.598.065	1.218.727
Samtals	<u>2.090.004</u>	<u>1.612.424</u>

## 5. Aðrar tekjur

Hér er um að ræða ýmsar sértekjur háskólans vegna viðskipta við aðila utan skólans. Megintekjurnar eru seld þjónusta rannsóknarstofa og útseld vinna sérfræðinga stofnana skólans vegna rannsókna fyrir ýmsa aðila. Aðrar tekjur námu 1.218,7 m.kr. og hækkuðu um 106,7 m.kr. eða um 9,6% frá árinu áður.

	2015	2014
Útseld sérfræðiþjónusta.....	378.698	285.240
Seld önnur þjónusta.....	464.947	509.973
Bóka- og vörusala.....	55.539	51.988
Leigutekjur og afnotagjöld.....	118.778	112.563
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu.....	143.875	93.879
Endurgreiddur ferðakostnaður.....	13.554	15.042
Ýmsar tekjur.....	43.295	43.296
	<u>1.218.686</u>	<u>1.111.981</u>

## 6. Sameiginleg stjórnsýsla

Háskólaráð og rektor fara með yfirstjórn háskólans og njóta aðstoðar sex rekstrarsviða. Viðfangsefni rektorsskrifstofu og sex rekstrarsviða er sameiginleg stjórnsýsla skólans. Samtals hækkaði kostnaður við yfirstjórn skólans um 152,3 m.kr. milli ára eða 11,9%.

Háskólaráð og nefndir.....	29.952	22.000
Rektorsskrifstofa.....	206.789	196.324
Kennslusvið.....	460.780	408.275
Vísindasvið.....	123.854	133.650
Fjármálasvið.....	205.864	183.791
Markaðs- og samskiptasvið.....	191.901	158.111
Starfsmannasvið.....	67.336	55.884
Framkvæmda- og tæknisvið.....	140.061	116.233
Samtals	<u>1.426.537</u>	<u>1.274.268</u>

## 7. Fræðasviðin

Fræðasviðin eru fimm, þ.e. félagsvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið, menntavísindasvið og verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Útgjöld fræðasviða hækkuðu um 1.198,3 m.kr. eða 11,4% að meðaltali.

Útgjöld fræðasviða	Laun	Rekstrar- gjöld	Eignakaup	2015 Samtals	2014 Samtals
Félagsvísindasvið .....	2.126.475	365.308	11.733	2.503.517	2.322.462
Heilbrigðisvísindasvið .....	2.363.448	492.688	138.481	2.994.617	2.678.264
Hugvísindasvið .....	1.478.233	231.760	7.528	1.717.521	1.572.221
Menntavísindasvið .....	1.477.482	231.415	10.010	1.718.907	1.598.484
Verkfr.- og náttúruv.svið .....	2.267.697	447.751	73.994	2.789.442	2.354.239
Samtals	<u>9.713.335</u>	<u>1.768.922</u>	<u>241.746</u>	<u>11.724.003</u>	<u>10.525.670</u>

## Skráðir nemendur

Fræðasviðin fimm skiptast hvert um sig í 3 - 6 deildir. Deildirnar eru samtals 25. Nemendur voru 12.921 árið 2015 en 13.052 árið 2014 og fækkaði um 1%. 104 nemendur voru skráðir á tvö svið á árinu 2015, en þeir voru 88 á árinu 2014.

	2015	2014
Félagsvísindasvið.....	4.163	4.222
Heilbrigðisvísindasvið.....	2.218	2.196
Hugvísindasvið .....	2.189	2.271
Menntavísindasvið.....	1.963	1.850
Verkfræði- og náttúruvísindasvið.....	2.167	2.306
Þverfræðilegt framhaldsnám.....	325	295
Samtals	<u>13.025</u>	<u>13.140</u>

## Ársverk

Ársverk á fræðasviðum voru 1.135,3 og fjölgaði um 49,1 milli ára eða 4,5%. Aukningin var mest á Verk- og náttúruvísindasviði og Heilbrigðisvísindasviði.

Félagsvísindasvið.....	237,6	232,2
Heilbrigðisvísindasvið.....	298,7	280,1
Hugvísindasvið .....	171,1	167,6
Menntavísindasvið.....	172,9	171,0
Verkfræði- og náttúruvísindasvið.....	255,1	235,4
Samtals	<u>1.135,3</u>	<u>1.086,2</u>

## 8. Rannsóknastofnanir utan deilda

Utan fræðasviða standa þrjár stofnanir. Hafréttarstofnun og Rannsóknastofnun um mannlegt atferli eru litlar og sérhæfðar. Stofnun fræðasetra er vaxandi og með starfsemi víða um land.

Hafréttarstofnun.....	10.032	16.496
Rannsóknarstofnun um mannlegt atferli.....	9.049	8.487
Stofnun fræðasetra.....	200.971	167.779
Samtals	<u>220.052</u>	<u>192.763</u>

## 9. Þjónustustofnanir

Rekstrargjöld þjónustustofnana námu 1.105 m.kr. og hækkuðu um 119,7 m.kr. eða um 12,1% milli ára. Verkefni Landsskrifstofu menntaáætlunar og hluti af verkefnum Rannsóknþjónustunnar og verkefnum Alþjóðaskrifstofu háskólans voru færð til Rannís á árunum 2012 og 2013. Skrifstofa alþjóðasamskipta (áður Alþjóðaskrifstofa háskólans) fékk í kjölfarið nýtt og breiðara hlutverk sem endurspeglast í auknum umsvifum þeirrar skrifstofu.

	2015	2014
Landsskrifstofa menntaáætlunar / Rannsóknþjónustan.....	4	( 604)
Reiknistofnun.....	537.961	474.885
Háskólaútgáfan.....	84.873	85.340
Skrifstofa alþjóðasamskipta.....	105.206	84.592
Endurmenntunarstofnun.....	355.094	313.799
Listasafn Háskólans.....	7.354	9.710
Íþróttþjónusta.....	14.420	17.502
Samtals	<u>1.104.912</u>	<u>985.224</u>

## 10. Sameiginlegur kostnaður

Undir sameiginlegan kostnað fellur Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora sem greiðir prófessorum fyrir vinnu við rannsóknir umfram ákveðið lágmark. Vinnumatssjóður og ársmatssjóður greiðir háskólakennurum fyrir árangur í rannsóknum og öðrum félögum í Félagi háskólakennara árangurstengdar greiðslur á grundvelli starfsmats. Reglum um vinnumatssjóð var breytt í tengslum við stofnanasamninga og sjóðurinn lækkaður á móti hækkun grunnlauna. Rannsóknasjóður veitir styrki til kennara og sérfræðinga til ákveðinna rannsóknaverkefna. Sáttmálasjóður veitir ferðastyrki til kennara og sérfræðinga skv. ákveðnum reglum. Sameiginlegur kostnaður hækkaði um 89 m.kr. eða 8,4% milli ára.

Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.....	273.441	337.934
Vinnumatssjóður og ársmatssjóður.....	233.487	214.125
Rannsóknasjóður og Sáttmálasjóður.....	293.623	286.389
Annað.....	342.564	215.683
Samtals	<u>1.143.115</u>	<u>1.054.132</u>

## 11. Rekstur og viðhald fasteigna

Kostnaður við rekstur og viðhald fasteigna lækkaði um 108,7 m.kr. eða 7,5% milli ára. Á árinu 2014 var lítið um nýbyggingar og því var stærri hluta af framlögum frá HHÍ veitt í viðhald á því ári.

Rekstur fasteigna.....	984.127	979.567
Viðhald fasteigna.....	349.899	463.160
Samtals	<u>1.334.026</u>	<u>1.442.727</u>

## 12. Byggingar og tækjakaup

Eftirfarandi er yfirlit um byggingar og tækjakaup á árinu 2015. Á árinu hófust framkvæmdir við byggingu Húss Vigdísar Finnbogadóttur og fór stærsti hluti framlags HHÍ í þá framkvæmd á árinu. Tækjakaup voru óvenju há á árinu 2014 vegna kaupa á örgreini en stjórnvöld veittu sérstök fjárframlög í það verkefni. Undir annað falla m.a. endurbætur á Neshaga 16 vegna flutnings Reiknistofnunar Háskóla Íslands.

	2015	2014
Hús Vigdísar Finnbogadóttur.....	614.196	43.268
Háskólabíó.....	0	30.004
Háskólatorg.....	0	110.733
Aðrar byggingar.....	8.244	102.576
Tækjakaup.....	44.083	123.490
Húsgögn, búnaður.....	32.123	41.869
Annað.....	115.165	1.379
Samtals	<u>813.810</u>	<u>453.318</u>

## 13. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Gengismunur vegna bankainnstæðna í erlendri mynt er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Á árinu 2015 nam gengistap 161,4 m.kr., en árið áður nam gengistapið 45,3 m.kr. Breytingar á gengi gjaldmiðla valda miklum sveiflum á þessum lið milli ára. Vaxtagjöld voru óvenju há á árinu 2014 vegna dómsmáls er ríkinu var gert að greiða dráttarvaxtakröfu upp á 64,5 m.kr. vegna Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora. Veitt var sérstök fjárveiting vegna þessa.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur.....	48.584	45.705
Vaxtagjöld.....	( 14.575)	( 76.239)
Gengistap.....	( 161.364)	( 45.286)
Samtals	<u>( 127.355)</u>	<u>( 75.821)</u>

## 14. Afskriftareikningur

Vegna óvissu um raunverulega eign í bókfærðum viðskiptakröfum hafa verið lagðar til hliðar 13,0 m.kr. vegna óbeinnar niðurfærslu. Afskrifaðar kröfur námu 0,6 m.kr. á árinu 2015. Ekki var talin þörf á að bæta í afskriftasjóðinn á árinu. Afskriftareikningur greinist þannig:

Afskriftareikningur frá fyrra ári.....	12.977	16.293
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu.....	( 580)	( 3.316)
Framlag í afskriftareikning, gjaldfært á árinu.....	0	0
Samtals	<u>12.397</u>	<u>12.977</u>

## 15. Áhættufé í félögum

Eignarhlutir í félögum nema 269,8 m.kr og eru óbreyttir milli árana 2014 og 2015. Eignarhlutir eru almennt bókfærðir á nafnverði, undantekning er eignahlutur í Keili sem hefur verið færður niður vegna tapreksturs. Auk þess á Háskólinn eignahluta í sprotafyrirtækjum sem hann hefur ekki greitt fyrir með beinum hætti og eru því ekki færðir til eignar.

	Eignarhluti %	Nafnverð eignahluta
RH-net hf.....	86,3	46.100
Keilir hf.....	25,0	42.438
Tæknigarður hf.....	68,8	11.000
Varmaraf hf.....	0,4	221
Vísindagarðar ehf.....	100,0	170.000
	Samtals	<u>269.759</u>

## 16. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir og vaxtakjör.

	Vextir	Eftirstöðvar
Íslandsbanki, verðtryggð lán.....	5,8%	15.183
Landsbanki, verðtryggð lán.....	5,8%	3.796
	Samtals	<u>18.979</u>
Næsta árs aborganir.....		( 9.222)
Langtímaskuldir.....		<u>9.757</u>
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:		
Afborgun 2017.....		9.757
	Samtals	<u>9.757</u>

## 17. Vörslufé/Verkefnaskuldbindingar

Vörslufé innifelur innborgaða styrki sem munu verða færðar til tekna eftir framvindu verkefna. Vörslufé hækkar milli ára um 324,3 m.kr. Aðferðafræði við mat á vörslufé var þróuð í samráði við Ríkisendurskoðun og er óbreytt á milli ára.

	2015	2014
Vörslufé/Verkefnaskuldbindingar.....	<u>2.020.775</u>	<u>1.696.473</u>
	2.020.775	1.696.473

## 18. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu skólans við ríkissjóð. Í ársbyrjun var inneign við ríkissjóð 20,6 m.kr. en í árslok var skuld við ríkissjóð 10,3 m.kr. Á árinu versnaði greiðslustaðan um 30,9 m.kr.

Staða 1. janúar 2015.....	20.621
Ríkisframlag.....	12.174.170
Greitt úr ríkissjóði.....	( 12.205.077 )
Staða 31. desember 2015	<u>( 10.286 )</u>



## 19. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs leiðir það af sér að höfuðstóllinn sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í árslok 2015 sýnir höfuðstóll Háskólans ónotaða fjárheimild að fjárhæð 885,2 m.kr. og hefur staðan versnað um 129,8 m.kr. frá fyrra ári eða sem nemur tekjuhalla ársins.

### Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2015.....	1.015.031
Tekjutap ársins.....	( 129.815 )
Höfuðstóll 31. desember 2015	<u>885.217</u>

### Annað eigið fé

Annað eigið fé 1. janúar 2015.....	105.147
Annað eigið fé 31. desember 2015	<u>105.147</u>

### Eigið fé samtals

990.364

## Skýringar

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

Rekstur	2015	2014	2013	2012	2011
Tekjur.....	5.589.826	4.909.904	5.043.600	5.402.865	5.063.240
Gjöld.....	17.893.810	16.003.923	15.508.465	14.979.600	13.885.623
Gjöld umfram tekjur	( 12.303.985 )	( 11.094.019 )	( 10.464.865 )	( 9.576.735 )	( 8.822.382 )
Ríkisframlag.....	12.174.170	11.146.700	10.440.175	9.584.950	9.078.840
(Tekjuhalli) -afgangur	( 129.815 )	52.681	( 24.690 )	8.215	256.458
<b>Efnahagur</b>					
<b>Eignir</b>					
Fastafjármunir.....	269.759	269.759	269.878	266.778	345.871
Veltufjármunir.....	3.047.793	2.961.518	2.897.415	2.674.303	2.466.330
Eignir samtals	3.317.552	3.231.276	3.167.292	2.941.081	2.812.201
<b>Skuldir og eigið fé</b>					
Eigið fé.....	990.364	1.120.178	1.067.496	1.092.187	1.141.535
Langtímaskuldir.....	9.757	18.608	25.941	33.641	39.565
Verkefnaskuldbinding.....	2.020.775	1.696.473	1.350.833	1.324.180	1.225.435
Skammtímaskuldir.....	296.656	396.017	723.021	491.073	405.667
Skuldir og eigið fé samtals	3.317.552	3.231.276	3.167.292	2.941.081	2.812.201